

M-95/2009 Álit 26. janúar 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-95/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir vera á sjálfskiptingu í bifreiðinni A, sem hann kveðst hafa keypt í ágúst 2008. Krefst álitsbeiðandi þess að innflytjandi bifreiðarinnar, Y, greiði kostnað við viðgerð á sjálfskiptingunni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. nóvember sl., gaf kæruneftndin Brimborg ehf. kost á andsvörum og bárust þau 2. desember. Með bréfi, dags. 3. desember, óskaði kæruneftndin eftir því að fá afrit kaupsamnings álitsbeiðanda um bifreiðina og gaf honum einnig kost á því að gera athugasemdir við andsvörin. Álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni umbeðið afrit 11. desember en gerði ekki athugasemdir við andsvör Y. Með bréfi, dags. 14. desember sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali keypti álitsbeiðandi bifreiðina A, ..., 28. ágúst 2008, af Z. Fyrsti skráningardagur bifreiðarinnar er sagður vera 23. júní 2006. Bifreiðinni hafði verið ekið 47.000 km þegar þessi kaup fóru fram. Kaupverðið var kr. 1.430.347. Í álitsbeiðni segir að bifreiðinni hafi nú verið ekið 62.000 km. Álitsbeiðandi segir að fyrir nokkrum dögum, þ.e. áður en álitsbeiðnin var rituð, hafi sjálfskipting bifreiðarinnar bilað og auk þess sé kross í olíusíu ónýtur, útvarp bilað svo og sætishitari í bílstjórásæti. Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað við umboðið og sagt að sér fyndist þetta vera „léleg nýting“ á þriggja ára gamalli bifreið. Álitsbeiðandi segir það sína skoðun að hér sé um galla að ræða á ekki eldri bifreið, nema þá kross í olíusíu, og að umboðið ætti að taka þátt í kostnaði við viðgerð. Því hafi verið neitað af hálfu umboðsins því að bifreiðin væri ekki lengur í ábyrgð þess. Umboðið hafi bent á að bifreiðin hafi ekki komið í 3 ára þjónustuskoðun sem sé rétt. Hann hafi ekki haft hugmynd um hvenær sú skoðun hafi átt að fara fram. Bílasalinn hafi talið sér trú um að umboðið léti hann vita þegar að þeirri skoðun kæmi en því hafni umboðið. Ágreiningurinn snúist því um það hvort umboðið, þ.e. , eigi að taka þátt í viðgerðarkostnaði eða greiða hann allan.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum A segir eftirfarandi:

„Bifreiðin A var seld ný til bílaleigunnar B 23.06.2006. Rúmu ári seinna, eða þann 3.10.2007 kom bifreið aftur í eigu Y. Z keypti svo bifreiðina af söludeild notaðra bifreiða

hjá Y þann 11.02.2008. Núverandi eigandi bifreiðarinnar, X, keypti bifreiðina af Z þann 28.08.2008. Y hafði enga milligöngu í því máli.

Samkvæmt lögum var bifreiðin í ábyrgð í tvö ár, eða til 26.06.2008. Á þeim tíma var einungis komið með bílinn í tveggja ára þjónustuskoðun (25.08.2008). Þann 28.10.2009 var svo komið með bifreið á verkstæði Y. Eigandi kom þá á framfæri kvörtun um að mikið högg kæmi í bíl og viðvörun á sjálfskiptingu og að útvarp væri í ólagi. Sjá nánari lýsingu á verkbeiðni (fylgigagn 1). Engin kvörtun hefur borist frá eiganda varðandi sætishitara. Í framhaldi var bifreiðin tekin til skoðunar og í ljós kom villa á þrýstistýringu sjálfskiptingar og að raki hafi komist inn í loftnetsmagnara á toppi bifreiðar. Eins logaði smurljós vegna þess að kross var brotinn innan úr olíusíu sem komin var fjóra mánuði fram yfir eðlilegan tíma á skiptum.

Þar sem bifreiðin er ekki lengur í ábyrgð er það svo að eiganda ber að greiða fyrir viðgerðina. Jafnframt teljum við að ákvæði um 5 ára kvörtunarfrest eigi ekki við í þessu tilviki þar sem þessum búnaði sé ekki hægt að ætla verulega lengri endingartíma en almennt gerist um söluhluti og búast megi við að eitthvað geti mögulega bilað í slíkum búnaði þegar bifreið er orðin rúmlega þriggja ára sem eigandinn verði þá sjálfur að kosta viðgerð á.

Í máli kæranda kemur fram að hann hafi ekki vitað hvenær bifreið átti að mæta í skoðun. Sökum þess viljum við koma á framfæri að það er alfarið á ábyrgð eiganda að sjá um viðhald bifreiðar. Í handbók bílsins kemur skýrt fram hvernig á að þjónusta bílinn og þar er einnig að finna upplýsingar um ábyrgðarskilmála.“

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eru svohljóðandi ákvæði:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Jafnframt er neytanda heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Eins og fyrr segir fer um réttarstöðu aðila samkvæmt neytendakaupalögum nr. 48/2003 og þar með ofangreindum ákvæðum þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. neytendakaupalaganna getur kaupandi borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur söluhlutinn frá fyrri söluaðila. Samkvæmt þessu ákvæði álitur kærunefndin að álitsbeiðandi geti í þessu tilviki haft uppi kröfur á hendur Y, enda þótt hann hafi keypt bifreiðina af öðrum aðila.

Álitsbeiðandi kvartaði undan bilun í sjálfskiptingu bifreiðarinnar og öðrum göllum sem hann telur vera á henni 28. október 2009, en þá voru u.þ.b. þrjú ár og fjórir mánuðir liðnir frá því að bifreiðin var seld ný. Það er álit kærunefndarinnar að sjálfskipting í bifreið af þeirri tegund sem bifreið álitsbeiðanda er eigi að endast lengur án bilana en raunin varð á með bifreið álitsbeiðanda og deilir ekki skoðun með innflytjanda bifreiðarinnar að þessu leyti þótt hún kunni að vera önnur, sem er óupplýst. Kærunefndin telur því að um sé að ræða galla, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, sem kvartað hafi verið undan innan lögboðins frests, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laganna, þ.e. að svokölluð 5 ára regla gildi um kvörtunarfrest vegna gallans. Það er því niðurstaða kærunefndarinnar að Y beri ábyrgð á þessum galla og beri að bæta úr honum á sinn kostnað, sbr. a-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

Að því er varðar það skilyrði seljanda að ábyrgð hans sé því aðeins virk að komið sé með bifreið til skoðunar hjá umboðsaðila á ákveðnum tíma telur kærunefndin það skilyrði ekki samrýmast ákvæðum neytendakaupalaga, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna, nema hugsanlega í því tilfalli að við skoðunina hefði gallinn komið í ljós eða ástæða til þess að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir hann. Það er hins vegar ekki upplýst að svo sé í þessu máli.

Það er álit kærunefndarinnar að Y sé ekki skylt samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga nr. 48/2003 að lagfæra aðra þá galla sem álitsbeiðandi telur vera á bifreiðinni heldur verði hann sjálfur að bera kostnað af þeim lagfæringum.

VIII Álitsorð

Y ber að gera við sjálfskiptingu í bifreið álitsbeiðanda, X, A, á eigin kostnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir